

Auglýsing

frá skrásetjara vörumerkja í Reykjavík
um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið 1910.

Skrás. 1910 nr. 1.

Tilk. 31. janúar 1910, kl. 1 sídd., af Det danske Petroleum-Aktieselskab, verzlunarfélagi í Kaupmannahöfn, og skrásett 1. dag febrúarmánaðar s. á.

Lýsing á merkinu: Orðið Elektra.


Elektra

Vörumerkið á eingöngu að ná til steinolíu, nafta og annara lýsingarvökva. Það skal nota sem sérstakt tilbúið heiti fyrir téðar vörutegundir.

Merkið er áður skrásett í Kaupmannahöfn 6. marz 1909, samkv. tilk., dags. 11. febrúar s. á.

Skrás. 1910 nr. 2.

Tilkynt 5. júlí 1910, kl. 6 sídd., af R. P. Riis kaupmanni, Borðeyri, og skrásett 12 s. m.



Lýsing á merkinu: Kóróna innani ferhyrning, og er kringt úr hornum hans. — Það á sérstaklega að nota til þess að merkja með kjöt.

Skrás. 1910 nr. 3.

152
28. des.

Tilkynt 13. júlí, kl. 6 $\frac{1}{2}$ síðd., af verksmiðjunnri »Arthur« Fredriksværn í Noregi, og skrásett 16. s. m.



Lýsing á merkinu: Jólasveinn, er heldur á töflu, sem á er skráð: »Arthurs Varemärke«, en umhverfis er hringur.

Skrásetningin nær til allra vörutegunda.

Merkið er áður skrásett í Kristíaníu árið 1901 (nr. 218) samkv. tilk., dags. 24. september s. á.

Skrás. 1910 nr. 4.

Tilkynt 23. september 1910, kl. 5 $\frac{1}{2}$ síðd., af H. Th. A. Thomsen, verzlun í Reykjavík, og skrásett 15. október s. á.



152


28. des.

Lýsing á merkinu: Svartur hringur, og innan í honum í hringmynd þessir bókstafir: Sláturfélög Íslands. Á milli þessara tveggja orða eru tvær fimmyddar stjörnur, en þar fyrir innan tvær myndir, hvor upp af annari. Er sú efri jafnhliða þríhyrningur, og innan í honum upphafsstafurinn A, en sú neðri er hringur, og innan í honum upphafsstafirnir S og I samanbundnir.

Merkið á að nota til að einkenna saltað kindakjöt í tunnum.

Skráds. 1910 nr. 5.

Tilkynt 23. september 1910, kl. 5¹/₂ síðd., af sama, og skrásett 15. október s. á.



Lýsing á merkinu: Jafnhliða þríhyrningur, og innan í honum upphafsstafurinn A.

Merkið á að nota á kindakjöt með bláu merkibleki.

Skrás. 1910 nr. 6.

152
28. des.

Tilkynt 23. september 1910, kl. 5¹/₂ síðd., af sama, og skrásett 15. október s. á.



Lýsing á merkinu: Hringur, og innan í honum upphafsstafrir S og I samanbundnir.

Merkið á að nota á kindakjöt með rauðu merkibleki.

Skrifstofu vörumerkjaskráritarans í Reykjavík, 28. des. 1910.